<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 61, 8.3.2005, bls. 3.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
nr. 123/2005

2005/EES/66/16

frá 30. september 2005

**um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð) og bókun 26 (um valdsvið og störf eftirlitsstofnunar EFTA á sviði ríkisaðstoðar) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2005 frá 8. júlí 2005 <sup>(1)</sup>.
- 2) Bókun 26 við samninginn var breytt með samningnum um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, sem undirritaður var 14. október 2003 í Lúxemborg <sup>(2)</sup>
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 794/2004 frá 21. apríl 2004 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 659/1999 um ítarlegar reglur um beitingu 93. gr. EB-sáttmálans <sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 25, 28.1.2005, bls. 74, og Stjtið. ESB L 131, 25.5.2005, bls. 45.
- 4) Við upptöku reglugerðar 794/2004 í samninginn verða nokkrir liðir XV. viðauka við samninginn úreltir og ber því að fella þá brott.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

XV. viðauki við samninginn breytist sem segir í I. viðauka við ákvörðun þessa.

2. gr.

Bókun 26 við samninginn breytist sem segir í II. viðauka við ákvörðun þessa.

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 794/2004, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 25, 28.1.2005, bls. 74, og Stjtið. ESB L 131, 25.5.2005, bls. 45, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. október 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. sammingsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni <sup>(\*)</sup>.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. september 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Nikulás prins af Liechtenstein***

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 306, 24.11.2005, bls. 45 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 60, 24.11.2005, bls. 28.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 130, 29.4.2004, bls. 3 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 23, 29.4.2004, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 61, 8.3.2005, bls. 3.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

*I. VIÐAUKI*

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2005

XV. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

Brott falli texti 2. liðar (C/252/80/bls. 2: Tilkynning til framkvæmdastjórnarinnar um ríkisaðstoð samkvæmt 3. mgr. 93. gr. EBE-sáttmálans), 3. liðar (Bréf framkvæmdastjórnarinnar til aðildarríkjanna SG(81) 12740 frá 2. október 1981), 4. liðar (Bréf framkvæmdastjórnarinnar til aðildarríkjanna SG(89) D/5521 frá 27. apríl 1989), 5. liðar (Bréf framkvæmdastjórnarinnar til aðildarríkjanna SG(87) D/5540 frá 30. apríl 1989), 6. liðar (Bréf framkvæmdastjórnarinnar til aðildarríkjanna SG(90) D/28091 frá 11. október 1990), 7. liðar (Bréf framkvæmdastjórnarinnar til aðildarríkjanna SG(91) D/4577 frá 4. mars 1991), 8. liðar (C/40/90/bls. 2: Tilkynning um aðstoðaráætlun vegna minniháttar aðstoðar), 10. liðar (C/318/83/bls. 3: Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um ólöglega aðstoð) og 34. liðar (C/3/85/bls. 3: Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um uppsafnaða aðstoð í ólíkum tilgangi).

*II. VIÐAUKI*

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2005

Bókun 26 við samninginn breytist sem hér segir:

1. Í stað orðanna „endurspeglar eftirfarandi gerð“ í 2. gr. komi orðin „endurspegla eftirtaldar gerðir“.
2. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 659/1999 skal tölusett sem 1. liður.
3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 1. lið (reglugerð ráðsins (EB) nr. 659/1999):
  - „2. **32004 R 0794**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 794/2004 frá 21. apríl 2004 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 659/1999 um ítarlegar reglur um beitingu 93. gr. EB-sáttmálans (Stjtið. ESB L 61, 8.3.2005, bls. 3), með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 25, 28.1.2005, bls. 74, og Stjtið. ESB L 131, 25.5.2005, bls. 45.“

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 124/2005****2005/EES/66/17****frá 30. september 2005****um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 86/2005 frá 10. júní 2005 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 546/2005 frá 8. apríl 2005 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 437/2003 að því er varðar úthlutun kóða til skýrslugjafarlanda og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1358/2003 að því er varðar uppfærslu skrárinnar yfir flugvelli Bandalagsins <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

XXI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 7h (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 437/2003):

„– **32005 R 0546**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 546/2005 frá 8. apríl 2005 (Stjtið. ESB L 91, 9.4.2005, bls. 5).“

2. Eftirfarandi bætist við í lið 7i (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1358/2003):

„, eins og henni var breytt með:

– **32005 R 0546**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 546/2005 frá 8. apríl 2005 (Stjtið. ESB L 91, 9.4.2005, bls. 5).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 546/2005, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. október 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. september 2005.

Fyrir hönd sameiginlegru EES-nefndarinnar

***Nikulás prins af Liechtenstein***

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 268, 13.10.2005, bls. 21 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 52, 13.10.2005, bls. 12.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 91, 9.4.2005, bls. 5.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 125/2005****2005/EES/66/18****frá 30. september 2005****um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2005 frá 10. júní 2005 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 179/2005 frá 2. febrúar 2005 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1917/2000 að því er varðar gagnasendingar til framkvæmdastjórnarinnar <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Liður 16a (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1917/2000) í XXI. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við:

„– **32005 R 0179**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 179/2005 frá 2. febrúar 2005 (Stjtið. ESB L 30, 3.2.2005, bls. 6).“

2. Eftirfarandi aðlögunarliður bætist við:

„h) Liechtenstein þarf ekki að láta í té upplýsingar samkvæmt a-lið 1. mgr. 32. gr.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 179/2005, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. október 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. september 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Nikulás prins af Liechtenstein**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 268, 13.10.2005, bls. 21 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 52, 13.10.2005, bls. 12.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 30, 3.2.2005, bls. 6.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
nr. 126/2005

2005/EES/66/19

frá 30. september 2005

**um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2005 frá 10. júní 2005 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 384/2005 frá 7. mars 2005 um samþykkt áætlunar um sérstakar einingar, sem ná yfir tímabilið 2007 til 2009, fyrir vinnumarkaðskönnunina sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 388/2005 frá 8. mars 2005 um samþykkt forskrifta fyrir sérstaka einingu um umskiptin frá vinnu til starfsloka fyrir árið 2006 sem kveðið er á um reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 246/2003 <sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun þessi gildir ekki að því er varðar Liechtenstein.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

XXI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 18af (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 29/2004):

„18ag. **32005 R 0384**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 384/2005 frá 7. mars 2005 um samþykkt áætlunar um sérstakar einingar, sem ná yfir tímabilið 2007 til 2009, fyrir vinnumarkaðskönnunina sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 (Stjtið. ESB L 61, 8.3.2005, bls. 23).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Reglugerð þessi gildir ekki í Liechtenstein.

- 18ah. **32005 R 0388**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 388/2005 frá 8. mars 2005 um samþykkt forskrifta fyrir sérstaka einingu um umskiptin frá vinnu til starfsloka fyrir árið 2006 sem kveðið er á um reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 246/2003 (Stjtið. ESB L 62, 9.3.2005, bls. 7).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Reglugerð þessi gildir ekki í Liechtenstein.“

2. Eftirfarandi bætist við í lið 18ad (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 246/2003):

„, eins og henni var breytt með:

- **32005 R 0388**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 388/2005 frá 8. mars 2005 (Stjtið. ESB L 62, 9.3.2005, bls. 7).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 384/2005 og 388/2005, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. október 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 268, 13.10.2005, bls. 21 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 52, 13.10.2005, bls. 12.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 61, 8.3.2005, bls. 23.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 62, 9.3.2005, bls. 7.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.



4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. september 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Nikulás prins af Liechtenstein***

formaður.

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
nr. 127/2005

2005/EES/66/20

frá 30. september 2005

**um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2005 frá 10. júní 2005 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2139/2004 frá 8. desember 2004 um breytingu og framkvæmd reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 571/88 og um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/115/EB með tilliti til skipulags kannana Bandalagsins á framleiðsluskipan á bújörðum árin 2005 og 2007 <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

XXI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 23. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 571/88):
 

„– **32004 R 2139**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2139/2004 frá 8. desember 2004 (Stjtið. ESB L 369, 16.12.2004, bls. 26).“
2. Í stað skrárinnar í 1. viðbæti komi skráin sem er að finna í viðauka við þessa ákvörðun.
3. Aðlögunarákvæðin í 23. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 571/88) breytist sem hér segir:
  - i) Eftirfarandi aðlögunarliður bætist við:
 

„k) Liechtenstein þarf ekki að láta í té upplýsingar samkvæmt þessari reglugerð.“
  - ii) Orðin „og Liechtenstein“ í aðlögunarlið d falli brott.
  - iii) Aðlögunarliður f falli brott.
  - iv) Í stað orðanna „Liechtenstein og Ísland eru ekki skyldug til“ í aðlögunarlið h komi orðin „Ísland er undanþegið þeirri skyldu“.

4. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 23a (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/115/EB):
 

„– **32004 R 2139**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2139/2004 frá 8. desember 2004 (Stjtið. ESB L 369, 16.12.2004, bls. 26).“

5. Aðlögunarákvæðin í lið 23a (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/115/EB) breytist sem hér segir:
  - i) Orðin „Liechtenstein 16 ár“ í aðlögunarlið e falli brott.
  - ii) Eftirfarandi aðlögunarliður bætist við:
 

„f) Ákvörðun þessi gildir ekki í Liechtenstein.“

6. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 23a (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/115/EB):
 

„23b. **32004 R 2139**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2139/2004 frá 8. desember 2004 um breytingu og framkvæmd reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 571/88 og um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/115/EB með tilliti til skipulags kannana Bandalagsins á framleiðsluskipan á bújörðum árin 2005 og 2007 (Stjtið. ESB L 369, 16.12.2004, bls. 26).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi bætist við í 4. gr.:

„EFTA-ríkin skulu leggja fram fullgilt sundurgreind gögn úr könnunum ársins 2005 á framleiðsluskipan á bújörðum fyrir 31. desember 2006 og fullgilt sundurgreind gögn úr könnunum ársins 2007 á framleiðsluskipan á bújörðum fyrir 31. desember 2008.

Reglugerð þessi gildir ekki í Liechtenstein.“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 2139/2004, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 268, 13.10.2005, bls. 21 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 52, 13.10.2005, bls. 12.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 369, 16.12.2004, bls. 26.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. október 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. september 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Nikulás prins af Liechtenstein***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

## VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127/2005

A. KÖNNUNARATRÍÐI ÁRIN 2005 OG 2007 <sup>(1)</sup>

		N	IS
<b>A. Lega bújarðar</b>			
1.	Könnunarhérað	kóði	
a)	Sveitarfélag eða hluti könnunarhéraðs <sup>(2)</sup>	kóði	
2.	Harðbýlt land <sup>(2)</sup>	já/nei	NR NR
a)	Fjalllendi <sup>(2)</sup>	já/nei	NR NR
3.	Landbúnaðarsvæði sem sæta takmörkunum af umhverfisstæðum	já/nei	NR NR
<b>B. Lögformleg staða og stjórnun bújarðar (á könnunardegi)</b>			
1.	Er lagaleg og fjárhagsleg ábyrgð bújarðar í höndum		
a)	einstaklings sem er eini ábúandi bújarðar með sjálfstæðan rekstur?	já/nei	
b)	eins eða fleiri einstaklinga sem eru ábúendur á félagsbúi? <sup>(3)</sup>	já/nei	
c)	lögaðila?	já/nei	
2.	Ef svarið við spurningu B.1 a) er „já“, er sá einstaklingur (ábúandinn) jafnframt bústjóri?	já/nei	
a)	Ef svarið við spurningu B.2 er „nei“, er bústjórinn aðstandandi ábúanda?	já/nei	NS NS
b)	Ef svarið við spurningu B.2 a) er „já“, er bústjórinn maki ábúanda?	já/nei	NS NS
3.	Búfræðimenntun bústjóra (eingöngu verkleg reynsla af landbúnaði, undirstöðunám í búfræði, fullt búfræðinám) <sup>(4)</sup>	kóði	
<b>C. Tegund ábúðar (að því er ábúanda varðar) og búskaparhættir</b>			
Hagnýtt land:			
1.	í eignarábúð	ha/a	
2.	í leiguabúð	ha/a	
3.	í ábúð með skiptum afrakstri eða í ábúð af öðru tagi	ha/a	NE
5.	Búskaparhættir og -aðferðir		
a)	Hagnýtt land á bújörðinni sem er notað til búskapar með lífrænum aðferðum í samræmi við reglur Evrópubandalagsins	ha/a	
d)	Hagnýtt land á bújörðinni sem verið er að taka undir búskap með lífrænum aðferðum	ha/a	
e)	Eru lífrænar aðferðir einnig notaðar við skepnuhald á bújörðinni?	að fullu/að hluta/allt ekki	
f)	Beinir fjárfestingarstyrkir sem ábúendur hafa fengið undanfarin fimm ár samkvæmt hinni sameiginlegu landbúnaðarstefnu:		
i)	Fengu ábúendur beina opinbera styrki í tengslum við framleiðni aukandi fjárfestingar? <sup>(5)</sup>	já/nei	NR NR
ii)	Fengu ábúendur beina opinbera styrki í tengslum við ráðstafanir á sviði byggðaaðstoðar? <sup>(5)</sup>	já/nei	NR NR
6.	Ráðstöfun afurða:		
a)	Nýtir heimili ábúanda meira af lokaafurðum bújarðarinnar en sem nemur 50% af andvirði þeirra? <sup>(5)</sup>	já/nei	NS NR
b)	Nemur andvirði afurða, sem seldar eru beint til neytenda, meira en 50% af heildarandvirði seldra afurða? <sup>(5)</sup>	já/nei	NS NR
<b>D. Akurland</b>			
Kornjurtir til framleiðslu á korni (að meðtöldu útsæði):			
1.	Venjulegt hveiti og speldi	ha/a	NE
2.	Harðhveiti	ha/a	NE NE
3.	Rúgur	ha/a	NE
4.	Bygg	ha/a	
5.	Hafnar	ha/a	NE
6.	Maískorn	ha/a	NE NE

<sup>(1)</sup> Til lesandans:

Tölusetning liðanna er afleiðing langrar sögu þessara kannana og breytingar á henni myndu torvela samanburð milli kannana.

<sup>(2)</sup> Upplýsingar um harðbýlt land (A2) og fjalllendi (A2a) eru valkvæðar ef sveitarfélagskóði (A1a) fylgir fyrir hverja bújörð. Ef sveitarfélagskóði (A1a) fylgir ekki fyrir bújörðina er skylt að leggja fram upplýsingar um harðbýlt land (A2) og fjalllendi (A2a).<sup>(3)</sup> Valkvæðar upplýsingar.<sup>(4)</sup> Ekki skráð í könnun fyrir árið 2007.<sup>(5)</sup> Ekki skráð í könnun fyrir árið 2007.Skýringar: NR = á ekki við (*not relevant*), NS = óverulegt (*non-significant*), NE = ekki fyrir hendi eða nálægt núlli (*not existing or close to zero*)

			N	IS
7.	Hrisgrjón	ha/a	NE	NE
8.	Aðrar kornjurtir til framleiðslu á korni	ha/a	NS	NE
9.	Prótínríkar jurtir sem eru uppskornar þroskaðar (að meðtöldu útsæði og blöndum korns og belgjurta)	ha/a	NS	NE
	þar af:			
	e) ertur, hestabaunir og sætar úlfabaunir	ha/a	NS	NE
	f) linsubaunir, hrútsertur og flækjur	ha/a	NE	NE
	g) aðrar prótínríkar jurtir sem eru uppskornar þurrar	ha/a	NE	NE
10.	Kartöflur (að meðtöldum sumarkartöflum og útsæði)	ha/a		
11.	Sykkurrófur (þó ekki fræ)	ha/a	NE	NE
12.	Fóðurrófur og fódurkál (þó ekki fræ)	ha/a	NS	NS
	Iðnaðarjurtir			
23.	Tóbak	ha/a	NE	NE
24.	Humall	ha/a	NE	NE
25.	Baðmull	ha/a	NE	NE
26.	Reþja og næpa	ha/a		
27.	Sólfífill	ha/a	NE	NE
28.	Soja	ha/a	NE	NE
28.	Höfræ (hör til olíuframleiðslu)	ha/a	NE	NE
30.	Aðrar olíufræsurtir	ha/a	NE	NE
31.	Hör	ha/a	NE	NE
32.	Hampur	ha/a	NE	NE
33.	Aðrar trefjajurtir	ha/a	NE	NE
34.	Ilmjurtir, lækningajurtir og kryddjurtir	ha/a	NS	NS
35.	Aðrar iðnaðarjurtir, ótaldar annars staðar	ha/a	NE	NE
	Nýjar matjurtir, melónur, jarðarber:			
14.	Úti eða undir lágu (ómannngengu) skýli	ha/a		
	þar af:			
	a) akrar	ha/a		
	b) garðar	ha/a		
15.	Undir gleri eða öðru (mannngengu) skýli	ha/a		
	Blóm og skrautjurtir (þó ekki gróðrarstöðvar):			
16.	Úti eða undir lágu (ómannngengu) skýli	ha/a	NS	NS
17.	Undir gleri eða öðru (mannngengu) skýli	ha/a		
18.	Fóðurjurtir:			
	a) Skammæ grös	ha/a		
	b) Annað grænfóður	ha/a		
	þar af:			
	i) grænfóðurmaís (votverkaður maís)	ha/a	NS	NS
	iii) aðrar fóðurjurtir	ha/a		
19.	Fræ og unglöntur á akurlandi (þó ekki kornjurtir, þurkað grænmeti, kartöflur og olíufræsurtir)	ha/a		
20.	Önnur ræktun á akurlandi	ha/a		
21.	Ósáð land án styrkja	ha/a		
22.	Ósáð land sem fellur undir styrkjakerfi og er ekki nytjað	ha/a	NR	NR
<b>E.</b>	<b>Matjurtagarðar</b>	ha/a	NS	NS
<b>F.</b>	<b>Varanlegir bithagar og engi</b>			
1.	Varanlegir bithagar og engi, þó ekki hrjóstugt beitiland	ha/a		
2.	Hrjóstugt beitiland	ha/a		
<b>G.</b>	<b>Fjölær ræktun</b>			
1.	Ávaxta- og berjarækt	ha/a		
a)	Nýir ávextir og ber af tegundum frá tempraða beltinu <sup>(6)</sup>	ha/a		

<sup>(6)</sup> Belgíu, Hollandi og Austurríki er heimilt að telja lið G.1 c) „Hnetur“ til þessa liðar.

Skýringar: NR = á ekki við (*not relevant*), NS = óverulegt (*non-significant*), NE = ekki fyrir hendi eða nálægt núlli (*not existing or close to zero*)

		N	IS
b)	Ávextir og ber af tegundum frá heittempraða beltinu	ha/a	NE NE
c)	Hnetur	ha/a	NE NE
2.	Sítrusrækt	ha/a	NE NE
3.	Ólífurækt	ha/a	NE NE
a)	sem gefur venjulega af sér ólífur til átu	ha/a	NE NE
b)	sem gefur venjulega af sér ólífur til olíuframleiðslu	ha/a	NE NE
4.	Vínekrur	ha/a	NE NE
	sem gefa venjulega af sér:		
a)	gæðavín	ha/a	NE NE
b)	annað vín	ha/a	NE NE
c)	þrúgur til átu	ha/a	NE NE
d)	rúsínur	ha/a	NE NE
5.	Gróðrarstöðvar	ha/a	NS NS
6.	Önnur fjölær ræktun	ha/a	NE NE
7.	Fjölær ræktun undir gleri	ha/a	NE NE

**H. Annað land**

1.	Land sem er ekki hagnýtt (land sem er ekki lengur nytjað af efnahagslegum, félagslegum eða öðrum ástæðum og ekki notað til skiptiræktar)	ha/a		
2.	Skóglendi <sup>(7)</sup>	ha/a		
3.	Annað land (byggingarlóðir, bæjarhlöð, vegir, tjarnir, grjótnámur, gróðursnautt land, grýttur jarðvegur o.s.frv.) <sup>(8)</sup>	ha/a		

**I. Eftirræktun, sveppir, áveitur og ræktunarhlé akurlands**

1.	Eftirræktun (þó ekki matjurtaræktun og ræktun undir gleri) <sup>(9)</sup>	ha/a	NE	NE
2.	Sveppir	ha/a	NS	NS
3.	Áveitusvæði			
a)	Áveitusvæði alls	ha/a		NR
b)	Ræktarland sem vatni er veitt á	ha/a	NS	NR
4.	Svæði sem falla undir styrkjakerfi og skiptast í:	ha/a	NR	NR
a)	Ósáð land sem er ekki nytjað (þegar skráð í D.22)	ha/a	NR	NR
b)	Ræktunarsvæði fyrir landbúnaðarhrávöru til annarra nota en sem matvæli/fóður (t.d. sykurrófur, repju, tré og runna o.fl., þó ekki til skógarnytja, einnig linsubaunir, hrútsertur og flækjur, þegar skráð í D og G)	ha/a	NR	NR
c)	Svæði sem breytt hefur verið í bithaga og engi (þegar skráð í F.1 og F.2) <sup>(10)</sup>	ha/a	NR	NR
d)	Svæði sem áður var landbúnaðarsvæði og breytt hefur verið í skóglendi eða verið er að undirbúa fyrir skógrækt (þegar skráð í H.2) <sup>(11)</sup>	ha/a	NR	NR
e)	Önnur svæði (þegar skráð í H.1 og H.3) <sup>(11)</sup>	ha/a	NR	NR

**J. Búpeningur (á könnunardegi)**

1.	Hófdýr	Fjöldi		
	Nautgripir:			
2.	Nautkálfar og kvígur á fyrsta ári	Fjöldi		
3.	Nautkálfar á öðru ári	Fjöldi		
4.	Kvígur á öðru ári	Fjöldi		
5.	Nautkálfar tveggja ára og eldri	Fjöldi		
6.	Kvígur tveggja ára og eldri	Fjöldi		
7.	Mjólkurkýr	Fjöldi		
8.	Aðrar kýr	Fjöldi		
	Sauðfé og geitur:			
9.	Sauðfé (öll aldursskeið)	Fjöldi		
a)	ær til undaneldis	Fjöldi		
b)	annað sauðfé	Fjöldi		

<sup>(7)</sup> Í Noregi nær þessi liður yfir frjósamt skógarsvæði.

<sup>(8)</sup> Í Noregi nær þessi liður yfir skóglendi annað en frjósamt skógarsvæði.

<sup>(9)</sup> Valkvæðar upplýsingar.

<sup>(10)</sup> Ekki skráð í könnun fyrir árið 2007.

<sup>(11)</sup> Þýskalandi er heimilt að sameina liði 8(c), 8(d) og 8(e).

	N	IS
10. Geitur (öll aldursskeið)	Fjöldi	
a) huðnur til undaneldis	Fjöldi	
b) aðrar geitur	Fjöldi	
Svín:		
11. Grísir sem vega minna en 20 kg	Fjöldi	
12. Gyltur til undaneldis sem vega 50 kg og meira	Fjöldi	
13. Önnur svín	Fjöldi	
Alifuglar:		
14. Holdakjúklingar	Fjöldi	
15. Varphænur <sup>(12)</sup>	Fjöldi	
16. Aðrir alifuglar	Fjöldi	NS NS
þar af:		
a) kalkúnar	Fjöldi	NS NS
b) endur	Fjöldi	NS NS
c) gæsir	Fjöldi	NS NS
d) aðrir alifuglar, ótaldir annars staðar	Fjöldi	NE NE
17. Kanínur, kvendýr til undaneldis	Fjöldi	NS NS
18. Býflugur	Fjöldi búa	NS NE
19. Búpeningur, ótalinn annars staðar	já/nei	NS NS

#### K. Dráttarvélar, jarðvinnsluvélar, tæki og búnaður

1) <i>Í eigu býlis á könnunardegi</i>		
1. Fjórhládráttarvélar, beltadráttarvélar, áhaldavagnar, flokkað eftir vélarafli (kW) <sup>(13)</sup>	Fjöldi	
a) < 40 <sup>(14)</sup>	Fjöldi	
b) 40 til < 60 <sup>(14)</sup>	Fjöldi	
c) 60 til < 100 <sup>(14)</sup>	Fjöldi	
d) 100 og þar yfir <sup>(14)</sup>	Fjöldi	
2. Jarðvinnsluvélar, herfi, véltætarar og vélknúnar sláttuvélar <sup>(13)</sup>	Fjöldi	NS NS
3. Þreskivélar <sup>(13)</sup>	Fjöldi	
9. Aðrar upptökuvélar sem eru að fullu vélknúnar <sup>(13)</sup>	Fjöldi	
10. Áveitubúnaður <sup>(13)</sup>	já/nei	NE
a) Ef svarið er „já“: er búnaðurinn færánlegur? <sup>(13)</sup>	já/nei	NE
b) Ef svarið er „já“: er búnaðurinn fastur? <sup>(13)</sup>	já/nei	NS NE
2) <i>Tæki sem hafa verið notuð á síðustu 12 mánuðum og eru í notkun á fleiri en einu býli (eign annars býlis eða samvinnufélags eða sameign með öðrum býlum) eða tilheyra tækjaleigu</i>		
1. Fjórhládráttarvélar, beltadráttarvélar, áhaldavagnar, flokkað eftir vélarafli (kW) <sup>(13)</sup>	já/nei	
2. Jarðvinnsluvélar, herfi, véltætarar og vélknúnar sláttuvélar <sup>(13)</sup>	já/nei	NS NS
3. Þreskivélar <sup>(13)</sup>	já/nei	
9. Aðrar upptökuvélar sem eru að fullu vélknúnar <sup>(13)</sup>	já/nei	

#### L. Landbúnaðarstarfsmenn (síðustu 12 mánuðina fyrir könnunardag)

Safna skal tölulegum upplýsingum fyrir hvern einstakling sem starfar á bújörðinni og tilheyrir eftirtöldum flokkum landbúnaðarstarfsmanna, með þeim hætti að unnt sé að bera upplýsingarnar saman að vild, bæði innbyrðis og við hvers kyns önnur könnunatriði.

- Ábúandi
 

Til þessa hóps teljast:

  - Einstaklingar:
    - Einu ábúendur bújarða með sjálfstæðan rekstur (allir sem hafa svarað spurningu B.1 a) játandi)
    - Bændur á félagsbúum sem teljast ábúendur
  - Lögadilar

<sup>(12)</sup> Í Noregi eru hanar til undaneldis undanskildir.

<sup>(13)</sup> Ekki skráð í könnun fyrir árið 2007.

<sup>(14)</sup> Valkvætt í könnun fyrir árið 2005. Ekki skráð í könnun fyrir árið 2007.

		N	IS						
<p>Eftirfarandi upplýsingar skulu skráðar fyrir hvern einstakling sem um getur hér að framan:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Kyn</li> <li>- Aldur samkvæmt eftirfarandi skiptingu: frá þeim aldri er skólaskyldu lýkur til &lt; 25 ára, 25–34, 35–44, 45–54, 55–64, 65 ára og eldri</li> <li>- Störf á bújörðinni (önnur en heimilisstörf) samkvæmt skiptingunni: 0%, &gt; 0 til &lt; 25%, 25 til &lt; 50%, 50 til &lt; 75%, 75 til &lt; 100%, 100% (fullt starf) af árlegum vinnutíma landbúnaðarverkamanns í fullu starfi</li> </ul>	<table border="1" style="width: 100%; height: 100%; border-collapse: collapse;"> <tr><td style="width: 50%; height: 20px;"></td><td style="width: 50%; height: 20px;"></td></tr> <tr><td style="width: 50%; height: 20px;"></td><td style="width: 50%; height: 20px;"></td></tr> <tr><td style="width: 50%; height: 20px;"></td><td style="width: 50%; height: 20px;"></td></tr> </table>								
<p>1. a) Bústjóri</p> <p><i>Til þessa hóps teljast:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- <i>Bústjórar á bújörðum með sjálfstæðan rekstur, að meðtöldum mökum og öðrum aðstandendum ábúandans sem eru einnig bústjórar; þ.e. ef svarið við annaðhvort B.2 a) eða B.2 b) er „já“</i></li> <li>- <i>Bændur á félagsbúum sem teljast bústjórar</i></li> <li>- <i>Bústjórar á bújörðum þar sem ábúandi er lögðili (Ef bústjóri er jafnframt eini ábúandi bújarðar eða ábúandi á félagsbúi, skal hann einungis skráður einu sinni, þ.e. sem ábúandi í flokki L.1)</i></li> </ul> <p>Eftirfarandi upplýsingar skulu skráðar fyrir hvern einstakling sem um getur hér að framan:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Kyn</li> <li>- Aldur samkvæmt eftirfarandi skiptingu: frá þeim aldri er skólaskyldu lýkur til &lt; 25 ára, 25–34, 35–44, 45–54, 55–64, 65 ára og eldri</li> <li>- Störf á bújörðinni (önnur en heimilisstörf) samkvæmt skiptingunni: &gt; 0 til &lt; 25%, 25 til &lt; 50%, 50 til &lt; 75%, 75 til &lt; 100%, 100% (fullt starf) af árlegum vinnutíma landbúnaðarverkamanns í fullu starfi</li> </ul>	<table border="1" style="width: 100%; height: 100%; border-collapse: collapse;"> <tr><td style="width: 50%; height: 20px;"></td><td style="width: 50%; height: 20px;"></td></tr> <tr><td style="width: 50%; height: 20px;"></td><td style="width: 50%; height: 20px;"></td></tr> <tr><td style="width: 50%; height: 20px;"></td><td style="width: 50%; height: 20px;"></td></tr> </table>								
<p>2. Maki ábúanda</p> <p>Til þessa hóps telst maki eina ábúanda bújarðar (svarið við spurningu B.1 a) er „já“), ef hann telst hvorki til L.1 né L.1 a) (hann er ekki bústjóri, þ.e. svarið við B.2 b) er „nei“)</p> <p>Eftirfarandi upplýsingar skulu skráðar fyrir hvern einstakling sem um getur hér að framan:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Kyn</li> <li>- Aldur samkvæmt eftirfarandi skiptingu: frá þeim aldri er skólaskyldu lýkur til &lt; 25 ára, 25–34, 35–44, 45–54, 55–64, 65 ára og eldri</li> <li>- Störf á bújörðinni (önnur en heimilisstörf) samkvæmt skiptingunni: 0%, &gt; 0 til &lt; 25%, 25 til &lt; 50%, 50 til &lt; 75%, 75 til &lt; 100%, 100% (fullt starf) af árlegum vinnutíma landbúnaðarverkamanns í fullu starfi</li> </ul>	<table border="1" style="width: 100%; height: 100%; border-collapse: collapse;"> <tr><td style="width: 50%; height: 20px;"></td><td style="width: 50%; height: 20px;"></td></tr> <tr><td style="width: 50%; height: 20px;"></td><td style="width: 50%; height: 20px;"></td></tr> <tr><td style="width: 50%; height: 20px;"></td><td style="width: 50%; height: 20px;"></td></tr> </table>								
<p>3. a) Aðrir aðstandendur eina ábúanda bújarðar sem vinna landbúnaðarstörf á bújörðinni: karlar (þó ekki þeir sem eru skráðir í L.1, L.1 a) og L.2)</p> <p>3. b) Aðrir aðstandendur eina ábúanda bújarðar sem vinna landbúnaðarstörf á bújörðinni: konur (þó ekki þær sem eru skráðar í L.1, L.1 a) og L.2)</p> <p>Eftirfarandi upplýsingar um fjölda einstaklinga á bújörðinni skulu skráðar samkvæmt eftirfarandi skiptingu fyrir hvern einstakling í þessum flokkum:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Aldur samkvæmt eftirfarandi skiptingu: frá þeim aldri er skólaskyldu lýkur til &lt; 25 ára, 25–34, 35–44, 45–54, 55–64, 65 ára og eldri <sup>(15)</sup></li> <li>- Störf á bújörðinni (önnur en heimilisstörf) samkvæmt skiptingunni: &gt; 0 til &lt; 25%, 25 til &lt; 50%, 50 til &lt; 75%, 75 til &lt; 100%, 100% (fullt starf) af árlegum vinnutíma landbúnaðarverkamanns í fullu starfi</li> </ul>	<table border="1" style="width: 100%; height: 100%; border-collapse: collapse;"> <tr><td style="width: 50%; height: 20px;"></td><td style="width: 50%; height: 20px;"></td></tr> <tr><td style="width: 50%; height: 20px;"></td><td style="width: 50%; height: 20px;"></td></tr> <tr><td style="width: 50%; height: 20px;"></td><td style="width: 50%; height: 20px;"></td></tr> </table>								
<p>4. a) Aðrir starfsmenn, fastráðnir: karlar (þó ekki þeir sem eru skráðir í L.1, L.1 a), L.2 og L.3)</p> <p>4. b) Aðrir starfsmenn, fastráðnir: konur (þó ekki þær sem eru skráðar í L.1, L.1 a), L.2 og L.3)</p> <p>Eftirfarandi upplýsingar um fjölda einstaklinga á bújörðinni skulu skráðar samkvæmt eftirfarandi skiptingu fyrir hvern einstakling í þessum flokkum:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Aldur samkvæmt eftirfarandi skiptingu: frá þeim aldri er skólaskyldu lýkur til &lt; 25 ára, 25–34, 35–44, 45–54, 55–64, 65 ára og eldri <sup>(16)</sup></li> <li>- Störf á bújörðinni (önnur en heimilisstörf) samkvæmt skiptingunni: &gt; 0 til &lt; 25%, 25 til &lt; 50%, 50 til &lt; 75%, 75 til &lt; 100%, 100% (fullt starf) af árlegum vinnutíma landbúnaðarverkamanns í fullu starfi</li> </ul>	<table border="1" style="width: 100%; height: 100%; border-collapse: collapse;"> <tr><td style="width: 50%; height: 20px;"></td><td style="width: 50%; height: 20px;"></td></tr> <tr><td style="width: 50%; height: 20px;"></td><td style="width: 50%; height: 20px;"></td></tr> <tr><td style="width: 50%; height: 20px;"></td><td style="width: 50%; height: 20px;"></td></tr> </table>								
<p>5. og 6. Aðrir starfsmenn, lausráðnir: karlar og konur</p>	<table border="1" style="width: 100%; height: 100%; border-collapse: collapse;"> <tr><td style="width: 50%; height: 20px;"></td><td style="width: 50%; height: 20px;"></td></tr> <tr><td style="width: 50%; height: 20px;"></td><td style="width: 50%; height: 20px;"></td></tr> <tr><td style="width: 50%; height: 20px;"></td><td style="width: 50%; height: 20px;"></td></tr> </table>							Vinnu- dagar	
<p>7. Gegnir ábúandi sem er jafnframt bústjóri öðru launuðu starfi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- að aðalstarfi?</li> <li>- að aukastarfi?</li> </ul>	<table border="1" style="width: 100%; height: 100%; border-collapse: collapse;"> <tr><td style="width: 50%; height: 20px;"></td><td style="width: 50%; height: 20px;"></td></tr> <tr><td style="width: 50%; height: 20px;"></td><td style="width: 50%; height: 20px;"></td></tr> </table>					já/nei já/nei			

<sup>(15)</sup> Ekki skráð í könnun fyrir árið 2007.

<sup>(16)</sup> Ekki skráð í könnun fyrir árið 2007.

Skýringar: NR = á ekki við (*not relevant*), NS = óverulegt (*non-significant*), NE = ekki fyrir hendi eða nálægt núlli (*not existing or close to zero*)



		N	IS
8.	Gegnir maki eina ábúanda bújarðar öðru launuðu starfi:		
	– að aðalstarfi?	já/nei	
	– að aukastarfi?	já/nei	
9.	Gegna aðrir aðstandendur eina ábúanda bújarðar, sem starfa á bújörðinni, öðru launuðu starfi? Ef svarið er „já“: hversu margir gegna öðru launuðu starfi:		
	– að aðalstarfi?	Fjöldi	
	– að aukastarfi?	Fjöldi	
10.	Vinnutími við landbúnaðarstörf síðustu 12 mánuði fyrir könnunardag, reiknaður í heilum vinnudögum í fullu starfi, sem er ótalin í L.1 til L.6 og inntur af hendi á bújörðinni af einstaklingum sem eru ekki beinlínis ráðnir þar í vinnu (t.d. starfsmönnum verktaka) <sup>(17)</sup>	Vinnu- dagar	

**M. Byggingaþróun í dreifbýli**

1.	Tekjur af annarri starfsemi en landbúnaði á bújörðinni, sem tengist bújörðinni með beinum hætti:		
a)	Ferðaþjónusta, gistaðstaða og önnur frístundastarfsemi	já/nei	
b)	Handið	já/nei	NS
c)	Vinnsla landbúnaðarafurða	já/nei	NS NE
d)	Timburvinnsla (sögun o.s.frv.)	já/nei	NS
e)	Eldi og ræktun í sjó og vatni	já/nei	NS
f)	Vinnsla endurnýjanlegrar orku (vindorka, hálbrennsla o.s.frv.)	já/nei	NS NE
g)	Verktakavinna (með tækjum í eigu bújarðarinnar)	já/nei	
h)	Annað	já/nei	

<sup>(17)</sup> Valkvætt ef aðildarríki geta lagt fram heildarmat fyrir þetta könnunatriði á svæðisvísu.

Skýringar: NR = á ekki við (*not relevant*), NS = óverulegt (*non-significant*), NE = ekki fyrir hendi eða nálægt núlli (*not existing or close to zero*)

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 128/2005****2005/EES/66/21****frá 30. september 2005****um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

„, eins og henni var breytt með:

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

– **32005 R 0306**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 306/2005 frá 24. febrúar 2005 (Stjtið. ESB L 52, 25.2.2005, bls. 9).“

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:**2. gr.*

1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2005 frá 10. júní 2005 <sup>(1)</sup>.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 306/2005, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 306/2005 frá 24. febrúar 2005 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 138/2004 um hagrænar landbúnaðarskýrslur í Bandalaginu <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. október 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.**4. gr.*

Eftirfarandi bætist við í lið 24c (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 138/2004) í XXI. viðauka við samninginn:

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. september 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Nikulás prins af Liechtenstein***

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 268, 13.10.2005, bls. 21 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 52, 13.10.2005, bls. 12.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 52, 25.2.2005, bls. 9.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 129/2005****2005/EES/66/22****frá 30. september 2005****um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

*1. gr.*

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 86. og 98. gr.,

Eftirfarandi undirliður bættist við í 5. mgr. 2. gr. bókunar 31 við samninginn:

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

„– **32005 D 0456**: Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 456/2005/EB frá 9. mars 2005 um áætlun Bandalagsins til margra ára um að gera stafrænt efni í Evrópu aðgengilegra, nothæfara og hagnýtara (Stjtið. ESB L 79, 24.3.2005, bls. 1).“

1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2004 frá 8. júní 2004 <sup>(1)</sup>.

*2. gr.*

2) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 456/2005/EB frá 9. mars 2005 um áætlun Bandalagsins til margra ára um að gera stafrænt efni í Evrópu aðgengilegra, nothæfara og hagnýtara <sup>(2)</sup>.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti hafist 1. janúar 2005.

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2005 að telja.

*3. gr.*

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. september 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Nikulás prins af Liechtenstein***

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 349, 25.11.2004, bls. 52 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 59, 25.11.2004, bls. 26.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 79, 24.3.2005, bls. 1.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.